

2. flokkur (Staðbundið leyfisbréf):

140

Leyfi til þess að gera við tilteknar tegundir viðtækja í ákveðnum kaupstað eða héraði, og setja þar upp útiloftnet fyrir viðtækin. Þetta leyfi er að jafnaði aðeins veitt, ef viðgerðarmaður (útvarpsvirki) með 1. flokks leyfisbréfi er ekki starfandi á staðnum.

15. júlí

3. flokkur (Takmarkað leyfisbréf):

Leyfi til þess að gera við einfaldar bilanir í rafhlöðuviðtækjum eða viðtækjum, sem eru tengd við rafveitur með hæst 24 volta spennu. Þetta leyfi er að jafnaði aðeins veitt fyrir ákveðið hérað.

4. gr.

Í leyfisbréfi skal tilgreina, hve viðtækt leyfið sé, til hvaða tíma það gildi, og önnur ákvæði og skilyrði fyrir leyfinu.

5. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 7. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Póst- og simamálastjórnin, 15. júlí 1942.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.

AUGLÝSING

141

28. júlí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í i-lið 14. gr. laga frá 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðunir og frestir samkv. 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1942:

Í Reykjavík.

Kærufrestur til yfirsattanefndar skal vera til 11. ágúst þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 28. júlí 1942.

F. h. r.

E. u.

Einar Bjarnason.